

Minnisblað

Dagsetning 24.04.2026	Málsnúmer UOS
Sendandi Bergþóra Góa Kvaran	Viðtakandi Elín Þórólfsdóttir
Málefni Aðgerð 5.2.9 í vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð: Fræðsla og hvatar fyrir umhverfisvottaðar endurbætur	

1 Formáli

Aðgerð 5.2.9 í vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð leggur umm með að haldin verði regluleg námskeið og fræðsla sem styður við umhverfisvottaðar endurbætur. Ábyrgðaraðilar aðgerðinnar eru Umhverfis- og orkustofnun og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Athuga skal að þetta minnisblað fjallar eingöngu um þann hluta aðgerðarinnar sem snýr að Svansvottun og Umhverfis- og orkustofnun. Önnur vottunarkerfi eru í boði í byggingargeiranum eins og BREEAM og LEED.

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna sem var komið á fót af Norrænu ráðherranefndinni árið 1989. Meginmarkmið Svansins er að draga úr umhverfisáhrifum af vörum eða þjónustu og auðvelda neytendum að velja umhverfisvænni kosti. Á Íslandi er Umhverfisstofnun umsjónaraðili Svansvottunarinnar og vinnur náið með skrifstofum Svansins á öllum Norðurlöndunum.

Fjöldi umsókna fyrir Svansvottaðar byggingar hefur aukist á síðustu árum og því tækifæri að bjóða upp á námsefni tengdu vottunarkerfinu til að styðja við og aðstoða umsækjendur í vottunarferlinu.

2 Umfjöllun/Rökstuðningur/Leiðbeiningar

2.1 Almennt um gerð minnisblaða

Þegar vörur eða þjónusta eru vottaðar samkvæmt Svansviðmiðunum er allur lífsferillinn skoðaður. Umsækjandi þarf að uppfylla bæði skyldukröfur og valkröfur og taka kröfurnar á mismunandi atriðum eins og:

- skaðlegum efnum í bygginga- og efnavöru

- innivist
- orkusparnaði
- lækkun kolefnisspors
- gæðastjórnun
- hringrásarhagkerfinu

Vottunarferlið er umfangsmikið og krefst þess að mismunandi aðilar vinni saman bæði á hönnunar- og framkvæmdarferli.

3 Aðgerðir

Ástæða þótti til að útfæra námskeið og annað fræðsluefni um viðmið Svansins fyrir endurbætur (nr 102, útgáfa 2). Og var markmiðið að taka heildrænt á viðmiðunum þar sem bæði kröfurnar voru kynntar en einnig var farið ítarlega í það hvernig ætti að lesa úr viðmiðaskjalinu, leita að vörum sem leyfðar eru í Svansvottuð hús o.fl.

Fyrsta námskeiðið var haldið í samstargi við IÐAN fræðslusetur í Febrúar 2026 og er stefnt að því að halda fleiri slík námskeið. Samhliða námskeiðinu voru unnar [leiðbeiningar](#) fyrir viðmiðin en þeim er ætlað að vera hjálpartæki fyrir umsækjendur sem vinna að Svansvottuðum endurbótum. Leiðbeiningarnar eru yfirlit yfir allar kröfurnar þar sem búið er að íslenska textann ásamt ítarefni, þær verða uppfærðar reglulega og birtar á heimasíðu Svansins www.svanurinn.is.

Auk námskeiðisins og leiðbeiningarna var haldið málþing um Svansvottaðar byggingar í mars 2026 þar sem tilgangurinn var að fá aðila saman að borðinu sem vinna að slíkum verkefnum til að deila reynslu og hjálpast að. Á málþinginu voru erindi sem fjölluðu m.a um útboðsgögn, flóknar kröfur, efnisskráningar o.fl. Einnig var haldinn sérstakur fræðslufundur um kröfur Svansins fyrir FSC og PEFC vottanir á timbri og bambus í apríl 2026 en sú krafa hefur þótt sértaklega flókin og því þótti mikilvægt að styðja við bæði umsækjendur og söluaðila sem koma að þeirri kröfu bæði í nýbyggingum og endurbótum.